

115. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 27. nóvember 2006 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Reglugerð fyrir tónlistarskólann.
 3. Fjárhagsáætlun.

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Sigurborg Sturludóttir og Daði Jóhannesson.

1. Jóhanna sagði í stuttu máli frá námsferðinni til Minneapolis. Fjórir kennarar skólans voru í ferðinni. Farið var yfir skipulagið í desember en margt er á döfni næsta mánuðinn. Verið er að leggja lokahöndina á samræmingu í fyrirgjöf prófa.
2. Farið var yfir reglugerðina og hún afgreidd frá nefndinni.
3. Erla bæjarstjóri mætti á fundinn 18.35 og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2007. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri hvað varðar kennslukvóta og stöðugildum. Kostnaðarliðir hækka samkvæmt áætlaðri vísitölu.

Fundi slitið kl. 19.05.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Erla Friðriksdóttir (sign),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).